

Alþingi
Erindi nr. P 127/213
komudagur 22.11.2001

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2001

Efni: Tillaga til þingsályktunar um markvisst átak til að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi, 139. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar eru þeirrar skoðunar að áfram þurfi að vinna ötullega að því að lengja ferðamannatímann á Íslandi en það hefur verið forgangsverkefni í markaðssetningu síðustu árin. Það hefur orðið mikil aukning ferðamanna yfir vetrartímann síðustu árin, en aðallega í Reykjavík en borgarferðir eru mjög vinsælar víða um heim. Erfiðara hefur gengið að fjölga ferðamönnum á landsbyggðinni yfir vetrartímann.

Það er nauðsynlegt að auka markaðssetningu hér innanlands og fá Íslendinga til að ferðast meira um eigið land. Oft hefur verið rætt um að viku vetrarfrí í skólum á Íslandi geti gefið bæði fjölskyldum og ferðaþjónustufyrirtækjum tækifæri þ.e. fyrirtækin geti boðið lægra verð en yfir hásumarið og fólk þá notað tækifærið og farið í skíðaferðir eða aðra útivist um land allt. Nú er tækifæri til þess eftir að gert er ráð fyrir slíkum frídögum í kjarasamningum kennara en sá er galli á að hverjum skóla er í sjálfsvald sett að skipuleggja frídagana og virðast skólarnir ætla að dreifa dögnum og var víða 2-3 daga frí nú í nóvember. Þarna er mjög gott tækifæri sem gæti glætt viðskipti yfir erfiðasta tímenn en þá verður að fá skólana með.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri